



Jón Smári Jónsson

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Iceland

Garðabær, 24.7.2025

Málsnúmer: 202506-0022

IAS

Efni: Umhverfismatsskýrsla fyrir 4.500 tonna aukningu hámarkslífmassa í Ísafjarðardjúpi.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 13. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu fyrir 4.500 tonna aukningu hámarkslífmassa af laxi og regnbogasilungi og breytingar á eldissvæðum Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun fyrir sama mál 15. mars 2024. Stofnunin hefur kynnt sér matsskýrsluna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Breytingar á eldissvæðum eru ekki miklar, tvö svæði voru í Kofradýpi, annað fellur út en hitt er stækkað og svo stækkar eldissvæði við Bæjahlíð. Þá er aukning hámarkslífmassa um 4.500 tonn allt að því tvöföldun á núverandi framleiðslu og ef leyfið fæst þá er burðarþolsmati Ísafjarðardjúps upp á 30.000 tonn náð.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að skilyrði fyrir fiskeldi í Ísafjarðardjúpi eru að mörgu leyti óhagstæð, sjávarhiti á veturna er tiltölulega lágur og getur verið mikil áskorun fyrir fiskinn, sundgeta minnkar og fiskurinn getur skaðast eða drepist í miklum hafstraumi eða mikilli öldu. Sjávarhiti hefur farið undir 0 °C án þess að valda afföllum á eldisfiski hjá Háafelli enda er það stefna fyrirtækisins að vera með lágan þéttleika í kvíum yfir vetrarmánuðina. Það verður gert áfram þrátt fyrir aukningu hámarkslífmassa á eldisvæði sem stækkar lítið. Það er líka stefna fyrirtækisins að velja svæði innar í Djúpinu en ekki er leyft að vera með eldi á frjóum laxi innan við Æðey.

Möguleikar á landeldi eða eldi í lokuðum sjókvíum eru aðeins skoðaðir en ekki taldir raunhæfir vegna meiri framleiðslukostnaðar. Talið er að umhverfisáhrif lokaðra sjókvía yrðu mun minn m.t.t. laxalúsar, lífræns álags og slyasleppinga og gæti notkun þeirra yfir sumar- og haustmánuði til framtíðar orðið raunhæfur kostur. Þetta er þó aðeins talinn raunverulegur kostur ef laxalús skapar svo mikinn vanda að grípa þurfi endurtekið til efnameðferða (lúsaeiturs).

Stefnt er að því að breyta fóðurprömmum þannig að hægt verði að fleyta fóðrinu með sjó, í stað þess að blása því með lofti, til að minnka mjög slit á fóðurrörum og losun örplasts. Ekki er settur neinn tímarammi á þessar fyrirhuguðu breytingar og því ekki ljóst hvenær eða hvort þessar mikilvægu breytingar komast í framkvæmd.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að ýmsir fuglar sæki að eldiskvíum, helst máfategundir, æðarfugl og skarfar. Máfar leiti í fóðrið, æður í ásætur og skarfar sæki oft í eldisfiskinn. Ekki var gerð sérstök athugun á fuglalífi en þess í stað stuðst við fjölda óreglulegra talninga í sjófuglbyggðum (Vigur, Æðey, Borgarey og Vébjarnarnúpur) og árlegar vetrarfuglatalningar í Ísafjarðardjúpi sem Náttúrufræðistofnun



heldur utan um. Ekkert er fjallað um straumönd, sem er ábyrgðartegund Íslands og talin í yfirvofandi hættu á nýjasta válista Náttúrufræðistofnunar¹⁾. Þegar gögn úr vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar eru skoðuð kemur fram að straumendur hafa sést á talningasvæðum nálægt eldissvæðum Háfells, mest á svæði VF22: Álfafjörður, Arnardalsá-Súðavík. Á árunum 2014-2023 sáust að meðaltali 36 straumendur á þessu svæði, mest 63 fuglar. Árið 2016²⁾. Það er því ekki hægt að útiloka að fiskeldið hafi áhrif á straumendur og rétt að skoða það betur.

Fram kemur að fódurmagn muni aukast og notuð verði tæp 14.000 tonn af fóðri á ári og að heildarmagn næringarefna sem fellur til botns í föstu formi í nágrenni eldiskvía á þriggja ára tímabili verði um 1440 tonn. Hvíldartími sjókvíeldissvæðis verður aldrei skemmri en 3 mánuðir. Ekki kemur fram hvað gert verður ef svæði hefur ekki náð að jafna sig eftir hvíldartímann.

Um er að ræða nokkra aukningu á framleiðslu og stækkun áhrifasvæðis og að mati Náttúrufræðistofnunar verður að undirbyggja ákvarðanatöku á sem bestri þekkingu á væntanlegum breytingum á eðli og áhrifum helstu álagsþátta og þoli umhverfisins fyrir þeim. Horfa þarf til áhrifa á allt vistkerfið hvað þetta varðar. Umhverfisáhrif fyrir þá umhverfisþætti sem til umfjöllunar eru í matinu eru í heild metin óveruleg til nokkuð neikvæð. Er þar tekið mið af núverandi forsendum, þekkingu og fyrirkomulagi vöktunar og eftirlits. Mikilvægt er að uppfylla öll skilyrði um nauðsynlegar upplýsingar og að styrkja og bæta fyrirkomulag vöktunar og mótvægisáðgerða til að draga úr hættu á að þetta mat á heildaráhrifum reynist ekki vera vanmat. Með tilliti til ástands botnsjávar og botndýralífs er ljóst að talsvert til verulega neikvæð áhrif verða staðbundið næst kvíum. Ef forsendur um bata á þeim svæðum breytast til hins verra er töluverð hættu á að mikill skaði geti orðið fyrir sjávarvistkerfið þar sem áhrifasvæðið verður stærra með stækkun eldissvæða. Áhrif á það lífríki sjávar sem fjallað er um í umhverfismatsskýrslunni s.s. botndýr, átu, rækju o.fl. leiðir af sér áhrif á aðra lífveruhópa sem nýta sér Ísafjarðardjúp sem búsvæði til fæðuöflunar, uppeldis, tímgunar o.fl. s.s. fiska, sjófugla og sjávarspendýr. Lykilatriði er að vakta öll eldissvæðin m.t.t. áhrifa á ástandi botnsjávar og botndýralífs og bregðast hratt við ef forsendur um bata reynast ekki réttar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er verið að spenna bogann hátt með að fullnýta burðarþolið og ýmsir áhættuþættir eru til staðar sem erfitt getur verið að ráða við ef illa fer.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur